


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Áfangagæiti Myl 213, listgrafík	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haust 2013	

Kennari	Guðmundur Ármann Sigurjónsson	Sk.st.	GÁR
	Viðtalstími þriðjudaga kl. 10 -10.40		

Markmið:

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemandinn fái fræðslu um grafík og sérstöðu hennar innan myndlistarinnar. Að hann þjálfist í að gera skissur fyrir grafík. Öðlist þjálfun í að þrykkja upplag og læri hvernig beri að merkja grafíkmyndir. Fá aukna innsýn í þrjár grafískar aðferð , einþrykk, hæðarprent og djúpprykk. Einnig að nemandi öðlist frekari þekkingu í handverkinu, að þrykkja og að vinna og undirbúa ferlið frá hugmynd að fullmótuðu þrykki.

Áfangalýsing:

Nemendur læra um listgrafík. Hvað er grafík, hver er sérstaða hennar innan myndlistasviðsins. Lærir að teikna fyrir grafík og hvernig mismunandi þrykkaðferðir kalla á mismunandi skissu vinnu.

Nemandi lærir aðallega þrjár grafískar aðferðir. Kennir er að þrykkja þannig að hvert þrykk uppfylli kröfu um að geta talist upplag. Nemandinn lærir umgengni við grafíkpressu, en einnig gefst kostur að læra aðferðina að þrykkja án hennar.

Kennsluhættir:

Kennari fjallar um efnið með fyrirlestrum um grafík, sýnir mynddæmi og með sýnikennslu. Kennari leiðbeinir um frumdrög og kennir að yfirfæra frumdrög á grafíkplötu.

Leiðbeinir um þau efni sem nemandi velur að nota og kennir meðferð á verkfærum sem þeirri grafísku aðferð tilheyrir. Einnig verður kennt að ganga frá grafíkmyndum, til geymslu og eða til sýninga.

Kennslan fer fram með fyrirlestrum, sýnikennslu í handverkinu og einstaklingskennslu, þar sem nemandanum er leiðbeint um efnistöð. Þá eru ábendingar um lesefni sem tengist listgrafík.

Áætlun, yfirferð:


Vika 35 , 36 og 37. Einþrykk

Vika 38, 39, og 40. Blönduð tækni

Vila 41, 42, 43 og 44. Hæðarprent

Vika 45, 46 og 47 Djúpprykk

Vika 48 frágangur, skil.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Áfangaheiti Myl 213, listgrafík Kennsluáætlun haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Skil:

Nemendur skila grafíkmyndum, minnst átta í þeirri þrykkaðferð sem kenndqaar voru. Nemandi skal leitast við að gera hvert þrykk þannig að það uppfylli kröfu um að teljast upplag. Fjórar myndir af upplaginu skal skila í kartoni.

Einnig þarf nemandi að skila vinnumöppu með vinnuferlinu frá fyrstu frumdrögum til loka þrykks. Í vinnumöppu skal einnig skrifa um þau efni sem eru notuð og sýnishorn af þeim.

Mat:

Metið verður hversu vel nemenda tókst að vinna fram hugmynd og hversu vel tókst að útfæra frumdrögin fyrir hinar mismunandi þrykkaðferðir. Hversu vel tókst að þrykkja upplag og að hver mynd sé eins líkar og framast er unnt.

Þá verður gefið fyrir vinnumöppu, frumdrög og handverkskunnáttu.

Grafíkverk, upplag 50%

Úrvinsla, glósur 25%

Vinnumappa 20%

Ástundun 5%

Glósubækur og verkefnamöppur sem nemendur skila til mats, skal sótt á sýnidegi prófa.

Eftir það geymir skólin verk nemenda og ábyrgist þau í eitt ár.

Mætingarskilda er 100%

Kennarar:

Guðmundur Ármann Sigurjónsson, netfang, garmann@vma.is

Viðtalstími, þriðjud. kl. 10 -10.40

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils